

Staðfesting konungs *ad mandatum á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga þeirra, er í sjó drukkna, eða hrapa til bana.* **53**
5. desbr. 1891

Vjer Christian hinn níundi, af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

Gjörum kunnugt: að með því að allra þegnsamlegast hefur verið sótt og bedið um allrahæsta staðfesting Vora á skipulagsskrá fyrir »styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga þeirra, er í sjó drukkna eða hrapa til bana«, er stofnaður hefur verið með frjálsum samskotum, en skipulagsskrá þessi er í frumriti heft hjer við, þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda skipulagsskrá, sem ráðgjafi Vor fyrir Ísland geymir samhljóða og sannað eptirrit af, eins og Vjer og hjer með staðfestum hana.

Vjer bönnum öllum og hverjum einstökum að tálma því, sem að framman er skráð.

Ritað í aðsetursborg Vorri Kaupmannahöfn, hinn 5. dag desemberm. 1891.

Til staðfestu Vort konungs-innsigli

(L. S.)

Samkvæmt allramildilegastri skipan Hans Hátignar konungsins.

J. Nellemann.

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Vestmanneyinga þeirra, er í sjó drukkna, eða hrapa til bana.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frjálsum samskotum, sem voru að upphæð 204 kr. hinn 31. ágúst 1891.

2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja ekkjur og börn sjódrukknaðra eða hrapaðra Vestmanneyinga; skal styrkurinn veittur árlega eptir þörf og verðleikum.

3. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefur sýslunefndin í Vestmannaeyasýslu á hendi, og gefur hún út reglugjörð fyrir stjórnarnefndina.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, 2, er sýslunefndin kys á aðalfundi ár hvert, en hinn 3. skal vera oddvitinn í Vestmannaeyjahreppi. Auk þess skal kjósa 1 varastjórnanda. Stjórnin gengst fyrir samskotum til sjóðsins, veitir árstekjunum viðtöku, ákveður styrkveitingar allar ásamt 2 sjómönnum, sem bjargráðanefndin, sje hún til, en annars hreppsnefndin, kys þar til, semur

5. ^{desbr.} 1891 **53** reikning sjóðsins, og leggur hann árlega fyrir sýslunefndina til úrskurðar. Reikninginn skal stjórnin árlega birta á prenti.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal auka hann á þann hátt, er hjer segir:

- með því að leggja við hann alla ársvexti, unz þeir eru orðnir 100 krónur;
- með því þar eptir að leggja við hann $\frac{1}{4}$ árlegra vaxta unz þeir eru orðnir 200 kr., og upp frá því $\frac{1}{10}$ þeirra;
- með tillögum og gjöfum, er sjóðnum kunna sjerstaklega að hlotnast í þeim tilgangi;
- með því að leggja við höfuðstólinn það af árstekjunum, er eigi kann að verða útbýtt.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, en þó má sýslunefndin eptir árið 2000, með samþykki amtsráðsins í suðuramtinu, gjöra aðra ráðstöfun um ávöxtun sjóðsins, ef það virðist hagkvæmara.

7. gr.

Amtsráð suðuramtsins skal hafa eptirlit með því, að skipulagsskrá sjóðsins sje ekki brotin.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

Vestmannaeyjum, 15. sept. 1891.

Þorsteinn Jónsson. Sigurður Sigurfinnsson. Jón Ingimundsson.

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN FRÁ SÝSLAN.

27. febr. var *Vallanesprestakall* í *Suðurmúlaþrófastsdæmi* af hans hátign konunginum veitt sóknarpresti að Þingmúla og Hallormsstað, síra *Magnúsi Bl. Jónssyni*, til framkvæmdar á lögum 27. febr. 1880, 1. gr. 10.

S. d. var *Staðarhraunsprestakall* í *Mýraþrófastsdæmi* af hans hátign konunginum veitt sóknarpresti í Hítarnesprestakalli, síra *Stefáni Jónssyni*, til framkvæmdar á 62., 63. og 64. lið í ofan nefndri lagagrein.

17. marz veitti landshöfðingi háýfirdómara L. E. Sveinbjörnssen samkvæmt beiðni hans lausn frá *framkvæmdarstjórn* við *landsbankann* frá 1. maí 1893 að telja (sbr. augl. 17. marz, Stjt. þ. á., B, bls. 64.).

31. marz veitti landshöfðingi sóknarpresti í Kálfafellsstaðarprestakalli, síra *Sveini Eiríkssyni*, *Ásaprestakall* í *Vestur-Skaptafellsþrófastsdæmi*, samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Kálfafellsstaður í Austur-Skaptafellsþrófastsdæmi. Á prestakallinu hvíla eptirstöðvar af landssjóðsláni, 350 kr., er afborgast með 50 kr. á ári auk vaxta. Metið 775 kr. 78 a. Augl. 6. apríl. Laust frá næstu fardögum.